



# SAFNAHELGI Á SUÐURNESJUM DAGANA 15. - 16. MARS

ÓKEYPIS Á ÖLL SÖFN



Sjá dagskrá á [safnahelgi.is](http://safnahelgi.is)

## Garður

### Byggðasafn Garðskaga

Skagabraut 100.

**Opið laugardag og sunnudag kl. 13:00 - 17:00.**

Safnið hefur til sýnis ýmsa muni sem tengdust búskaparháttum til sjós og lands, elstu munir eru orðnir yfir eitt hundráð ára gamlir. Fallett safn af gömlum útvörpum og ýmsum tækjum og tólum sem notuð voru á heimilum á fyrri árum, skólastofa, skóvinnustofa og Verslun Þorláks Benediktssonar svo fátt eitt sé nefnt.

Stór hluti af safninu eru sjóminjar. Það er ýmsir hlutir sem notaðir voru við fiskveiðar og til verkunar fiskis á landi. Á safninu er áttæringur, smíðaður 1913, hefðbundinn trillubátur frá árinu 1932 og níu metra langur bátur með Engeyjarlagi smíðaður 1887. Einstakt vélasafn er til sýnis og eru vélnarar sextíu talsins. Þær eru allar uppgerðar af Guðna Ingimundarsyni í Garði og flestar eru þær gangfærar.



### Sjólýst

**Sögusýning í Sjólýst 15.-16. mars frá kl. 12:00 - 17:00 báða dagana.**

**Sögusýning um Árna Boga Arnason og Guðrúnu Þórðardóttur** verður haldin í Sjólýst um safnahelgina. Árni og Guðrún bjuggu skammt frá Sjólýst í Þórshamri í Gerðum í Garði. Húsið Þórshamar var byggt árið 1912 og er líklega elsta íbúðarsteinhúsið í Garði. Árni Boga var merkur formaður á tímum opnu skipanna og einn sá aflasælasti á Suðurnesjum. Guðrún Þórðardóttir húsmóðir var mikil listakona eins og útsaumsverk hennar votta, en þau verða til sýnis í Sjólýst um safnahelgina. Á sýningunni verða munir frá þeim hjónum, ásamt ljósmyndum og gömlum kvikmyndum sem verða sýndar. Árni Boga og Guðrún voru mikið vinafólk Unu í Sjólýst og því vel við hæfi að hafa sýninguna þar. Sjólýst stendur niður við Sjó í nálægð við frystihúsið (Nesfisk).



### Gönguferð með Herði Gíslasyni

**Laugardaginn 15. mars 2014**

**standa Byggðasafnið á Garðskaga og Hollvinir Unu í Sjólýst fyrir gönguferð.**

Farið verður frá Sjólýst í Gerðahverfi kl. 14, gengið út Gerðabakka að Útskálum. Þaðan áfram með sjónum fyrir þá sem vilja að Garðskaga og endað á Byggðasafninu. Létt ganga með stoppum. Frásögn á leiðinni, bæði tengd fyrri tíma og samtíma. Gangan tengist einnig minningu Árna Boga og Guðrúnar konu hans, og þess ágæta fólks sem byggði Garðinn og Gerðabakkann í þeirra tíð. Ráðleggjum hlýjan klæðnað, því oft er næðingssamt á bakkanum.

### Ferskir Vindar í Garði

**Listahátíðin Ferskir vindar** stóð yfir í Garði í desember og janúar sl. Fjöldi listafólks af ýmsum þjóðernum tók þátt í hátíðinni og skildi eftir sig spor í formi listsköpunar. Meðan á hátíðinni stóð voru sýningar þar sem listamenn sýndu list sína. Nú stendur yfir sýning á hluta þeirra listaverka sem listamenn unnu.

**Sýningin er að Sunnubraut 4 og verður opin laugardaginn kl. 13:00 - 16:00 og sunnudaginn kl. 13:00 - 16:00.**

## Grindavík

### Kvikan

**Kvikan, Hafnargata 12a, opið laugardag og sunnudag kl frá kl. 11:00-17:00. Saltfisksýningin, Jarðorkusýningin og Guðbergsstofa.**

**Menningarlæsi í Kvikunni**

Laugardaginn 15. mars frá kl. 10:00-13:00.

**Námskeið í menningarlæsi í Kvikunni.** Aðgangur ókeypis.

Á þessu námskeiði verður fjallað um ólíka menningarheima, fjallað um spurninguna hvað er menning og hvernig hún birtist okkur. Megin áhersla námskeiðsins er á menningarlæsi, það er; hvernig stöndum við okkur sem einstaklingar erlendis?

Hvað má gera og hvað má ekki gera eða segja?

Skráning fer fram á heimasídan@grindavik.is.

**Leiðbeinandi:** Þorgeir Pálsson.

**Minja- og sögufélag Grindavíkur með sýningu.**

Til sýnis verða ýmsir munir úr sögu Grindavíkur sem koma víða að.

**Hvað á að gera við afa?**

**sunnudag kl. 14:00 - 15:00.**

**Umfjöllun um hlátur, húmor og tengsl við samfélagið í Kvikunni.**

Kristín Einarsdóttir þjóðfræðingur. Hún ræðir t.d. fræg hlátursköst, húmor og hörmungar og bannaðan húmor. Allir velkomnir á meðan húsrúm leyfir.

### Aðal-Braut

**Opið kl. 10:00-22:00 laugardag og sunnudag.**

**Sýning á þrjónuðum dúkkufötum.**

### Verzlunarmiðstöðin (húsnæði gamla Sparisjóðsins)

**Laugardag og sunnudag kl. 12-16.**

**Skúlpúrasýning** nemenda Heilsuleikskólans Króks og **Ljósmyndasýning frá leikskólanum Laut.**

**2. hæð. Málverkasýning.** Pálmar Guðmundsson kennari og frístundamálarí opnar málverkasýningu. Opið kl. 12-16 laugardag og sunnudag.

### Bókasafn Grindavíkur

**Opið laugardag og sunnudag kl. 12-16.**

**Sýning á uglunum hennar Viktoríu Róbertsdóttur**, kennara, sem hún er búin að safna í fjölda ára. Einnig verða sýnishorn af postulíni sem heldri borgarar okkar hafa málað svo listilega vel á.

### Vinnustofa Helgu Kristjánsdóttur listmálara

**Kl. 13:00-17:00 laugardag og sunnudag.**

**Opið hús að Vörðusundi 1.**

Helga er einnig með sýningu í Salthúsinu á olíumálverkum og stendur sýningin yfir alla menningarvikuna. Opið samkvæmt opnunartíma.

### Myndlistarsýning í Verkalýðshúsinu við Víkurbraut

**Laugardag og sunnudag kl. 14:00-17:00.**

Berta Grétarsdóttir, Anna María Reynisdóttir, Lóa Sigurðardóttir, Þóra Loftsdóttir, Sólveig Ólafsdóttir og Hafdís Helgadóttir sýna verk sín.

### Okkar fallega Grindavík

**Ljósmyndasýning á kaffihúsinu Bryggjunni laugardag og sunnudag.**

**Formleg opnun laugardag kl. 14:00**

Haraldur Hjálmarsson, Eyjólfur Vilbergsson, Arnfinnur Antonsson og Valgerður Valmundsdóttir áhugaljósmyndarar sýna ljósmyndir frá Grindavík sem teknar hafa verið undanfarin misseri.

### Málverkasýning

Sossu og Birgit Kirke frá Færeyjum,

**í Veiðafæragerðinni, Ægisgötu 3, laugardag og sunnudag frá kl. 14:00-17:00.**

**Gunnar Þórðarson ásamt Stanley Samuelson frá Færeyjum leika íslenska og færeyska tónlist við opnun laugardag kl. 14:00.** Viðburðurinn er liður í samstarfi listamannanna sem hófst í Þórshöfn í Færeyjum vorið 2013 og síðar á Ljósanótt í Reykjanes-bæ sama ár og nú lýkur þessu samstarfi í Grindavík á menningardögum.



### Minja- og myndasýning Þorbjarnar hf.

Í gömlu fiskmóttökulúgunum við gamla salthúsið, sem nú hýsir Veiðafærarþjónustuna ehf. við Ægisgötu (Garðvegs megin) eru átta gluggar og einn gluggi að Hafnargötu 12, þar sem skrifstofa fyrirtækisins er. Í þessum gluggum er **sýning á gömlum munum og myndum**, sem safnast hafa upp hjá fyrirtækinu í gegnum árin bæði tengdum fiskveiðum og fiskvinnslu.

### „SKEPNA og SKRÚÐI“

**Ljósmyndasýning**

**í Framsóknarhúsinu við**

**Víkurbraut 27 laugardag og sunnudag kl. 16:00-21:00.**

Samsýning Vigdísar H. Viggósdóttur (Viddý) og Eyglóar Gísladóttur. Þær eru báðar nýútskrifaðar frá Ljósmyndaskólanum.



## Setning Menningarviku

**Laugardag kl. 17:00 Formleg setning Menningarviku í Grindavíkurkirkju.**  
 Ávörp. **Gunnar Þórðarson & Stanley Samuelsen frá Færeyjum leika nokkur lög.**  
 Svíarnir **Roger Norén og David Wahlén frá vinabænum Piteá í Svíþjóð leika sænska þjóðlagatónlist.**  
 Nemendur úr Tónlistarskóla Grindavíkur. Útnefning Bæjarlistamanns Grindavíkur 2014.

### Safnaðarheimili Grindavíkurkirkju

kl. 17:45 – 18:30. **Fjölmenningarlegt veisluhlaðborð.** Grindvískir íbúar frá Filippseyjum, Tælandi, Póllandi og fyrrum Júgóslavíu kynna og bjóða upp á rétti frá sínum heimalöndum.

## Lífið er saltfiskur

### Saltfiskuppskriftakeppni Salthússins og Kvikunnar.

Uppskriftakeppni um besta saltfiskréttinn í Grindavík 2014.

Sérstök dómnafnd undir stjórn Láka á Salthúsinu velur þrjár bestu uppskriftirnar.

Hægt er að senda uppskriftir í tölvupósti til [salthusid@salthusid.is](mailto:salthusid@salthusid.is) í síðasta lagi 23. mars.

Sjá nánar á [www.grindavik.is](http://www.grindavik.is)



## Kaffihúsið Bryggjan.

### Laugardag kl. 21:00.

#### Færeyingurinn Stanley Samuelsen með tónleika.

Hann er fæddur í Fuglafirði, en hefur verið búsettur síðustu árin í Danmörku.

### Sunnudag kl. 21:00.

#### Gunnar Þórðarson úr Hljómum með tónleika.

## Gönguferð um Arnarseturshraun

### Sunnudag kl. 11:00.

Mæting við bílastæðið á Gíghæð, nánar tiltekið við hellinn Dolluna við Grindavíkurveg.

**Gengið verður yfir Grindavíkurveg að fallegum hleðslum sem þjónuðu vegavinnuönnum við gerð Grindavíkurvegarins á árunum 1913 - 1918.** Sagt verður frá upphafi og gerð vegarins sem var unninn af hestum og mönnum, aðallega með handaflíð að vopni. Gengið verður um Arnarseturshraun sem rann um árið 1226 og er því nýjasta hraunið sem runnið hefur á landi á Reykjanesskaga. Hraunið er slétt og mosavaxið og því auðvelt yfirferðar. Gönguferðin tekur u.þ.b 1 - 2 klst og stjórnast af veðri. Leiðsögumaður er Rannveig L. Garðarsdóttir.

## Húsin í gamla hverfinu

### Sunnudag kl. 16:00-18:00.

**Gönguferð með leiðsögn.** Sigurður Ágústsson fyrrverandi yfirlögregluþjónn, stiklar á stóru í sögu húsa í gamla hverfinu í Grindavík en hann hefur unnið samantekt um sögu þeirra. Mæting við lögreglustöðina við Víkurbraut.

## Tónleikar í Grindavíkurkirkju

### Sunnudag kl. 20:00.

**Verdi og aftur Verdi.** Sýning sem hefur slegið í gegn í vetur og fékk 5 stjörnur í Fréttablaðinu. Tilefni sýningarinnar var 200 ára afmælisveisla tónskáldsins Verdis. Í sýningunni býður Verdi sjálfur (Randver Þorláksson) áheyrendum til afmælisveislu og rifjar um leið upp hitt og þetta frá ævi sinni á milli þess sem flutt eru atriði úr verkum skáldsins. Sveinn Einarsson leikstýrir sýningunni og Antonia Hevesi bregður sér í gervi hljómsveitarinnar með aðstoð flygilsins. Söngvarar eru þau Bylgja Dís Gunnarsdóttir sópran, Egill Árni Pálsson tenór, Erla Björg Káradóttir sópran, Hörn Hrafnadóttir mezzó-sópran, Jóhanna Héðinsdóttir mezzósópran, Rósalind Gísladóttir mezzósópran og Valdimar Hilmarsson barítón.

## Reykjanesbær

## Víkingaheimar

**Víkingabraut 1,**  
**opið laugardag og sunnudag kl. 12.00-17.00.**  
 Sjá [vikingaheimar.is](http://vikingaheimar.is).

### Laugardagur kl. 14.00-16.00

#### Nýtt víkingafélag Reykjaness, Völundr, kynnir starfsemi sína.

Félagið er í mótun en áhugasamir geta rætt við félagsmenn um starfsemina og framtíðarsýn félagsins. Einnig verða nokkur handbrögð sýnd, eins og spjaldvefnaður, nálbinding og annað frá tímum víkinganna.

### Sunnudagur kl. 15.00

#### Kynning á Ásatrúarfélaginu

Hilmar Örn Hilmarsson, allsherjargoði og Jóhanna Harðardóttir, Kjalnesingagoði kynna Ásatrúarfélagið og lífssýn heiðinna manna á Íslandi fyrir gestum og

gangandi. Sagt verður frá félaginu sjálfu, athöfnum, síðum og öllu því fjölbreytilega menningarstarfi sem fer fram innan vébanda félagsins. Hilmar og Jóhanna svara spurningum gestanna og búast má við að þar skapist lifandi og skemmtilegar umræður eins og áður þegar þau hafa heimsótt Víkingaheima. Allir eru velkomnir.



### Fimm sýningar í húsinu:

- 1. Víkingaskipið Íslendingur** sem sigldi til Ameríku árið 2000 og ýmsir gripir tengdir siglingunni.
- 2. Víkingar Norður Atlantshafsins,** sýning um siglingar og landnám norrænna manna sem unnin var í samstarfi við Smithsonian stofnunina í Bandaríkjunum.
- 3. Landnám á Íslandi, merkar fornleifar af Suðurnesjum.** Á sýningunni má m.a.sjá gripi úr Hafurbjarnarkumlínu og nýjustu fornleifarannsókninni í Vogu Höfnum.
- 4. Örlög guðanna, sýning um norræna goðafræði.** Heimsmynd víkinganna er þarna sett fram á listilegan máta þar sem frásögn, myndlist og tónlist fléttast saman á nýstárlegan hátt
- 5. Söguslóðir.** Kynning á helstu söguslóðum á Íslandi unnin í samstarfi við Samtök um sögutengda ferðaþjónustu.

## Duushús

**Duusgata 2-8, opið laugardag og sunnudag 13.00-17.00.**



## Listasafn Reykjanessbæjar - Duushús

### Á laugardag kl. 14.00 verður opnuð sýningin

#### MANNLEGAR VÍDDIR/ THE HUMAN CONTEXT.

Þar leiða saman hesta sína tveir mannmyndamálarar, þeir Stefán Boulter og Stephen Lárus Stephen. Á sýningunni er að finna tvönn konar mannmyndir, „opinberar“ mannmyndir Stephens Lárusar Stephen, gerðar af sérstöku tilefni og gjarnan fyrir einkaaðila, hins vegar „einkalegar“ mannmyndir Stefáns Boulter, þar sem frumkvæði kemur frá listamanninum sjálfum og náð samband myndast milli hans og þeirra sem sitja fyrir. Sýningarstjóri er Aðalsteinn Ingólfsson. Sjá [reykjanessaer.is/listasafn](http://reykjanessaer.is/listasafn)



## Bátasafn Gríms Karlssonar

- Duushús

Bein útsending frá suluvarpinu í Eldey alla helgina.

Rúmlega 100 bátalíkön og munir tengdir sjávarútvegssögu Íslendinga.



## Byggðasafn Reykjanessbæjar - Duushús

Sýningin **Vertíð**, þyrping verður að þorpi. Sjá [reykjanessaer.is/byggdasafn](http://reykjanessaer.is/byggdasafn).

## Bíósalur - Duushús

**Gamlar bæjarlífsmyndir frá Njarðvík** sýndar á tjaldi allan daginn. Viðar Oddgeirsson útbjó til sýningar.

## Bókasafn Reykjanessbæjar

**Ráðhúsinu Tjarnargötu 12,**  
**opið laugardag: 11.00-17.00.**

Myndasögusýning úr bók Arne Bellstorf Baby's in black en bókin fjallar um bernskuár Bítlanna. Í hnokkadeild er sýning á myndskreytingum þýska myndskreytisins Wolf Erlbruch m.a. úr Moldvarpan sem vildi vita hver skeit á hausinn á henni. Sjá [reykjanessaer.is/bokasafn](http://reykjanessaer.is/bokasafn).

## Orkuverið jörð

**Reykjanesvirkjun, opið laugardag kl. 12.30-15.30.**

**Sýningin rekur sögu orkunnar frá Miklahvelli að virkjun jarðhita á Íslandi.**

Sjá [powerplantearth.is](http://powerplantearth.is).

## Skessan í hellinum

**Opið laugardag og sunnudag kl. 10:00 – 17:00.**

**Svarti hellir við smábátahöfnina í Gróf,** Skessa Herdísar Egilsdóttur er flutt til Reykjanessbæjar og býður gestum og gangandi að heimsækja sig í hellinn. Sjá [skessa.is](http://skessa.is).

## Rokkheimur Rúnars Júlíussonar

Skólavegi 12, opið laugardag og sunnudag 14:00 – 17:00. Sjá runarjul.is.



## Slökkviliðssafn Íslands

Seylubraut 1, Innri-Njarðvík  
(Safnamiðstöðin Rammi).

Opið laugardag og sunnudag 13.00-17.00.

Sýning þar sem aldarlöng saga slökkviliða á Íslandi er rakin eins og hún birtist í bilum og tækjabúnaði auk fjölda ljósmynda frá þessari sögu.

## Íbúð kanans

Lífíð á vellinum, Life on a Nato base,  
Grænásbraut 607, West Avenue á Ásbrú.

Opið laugardag og sunnudag 13.00-17.00.

Sýning um hversdagslíf bandarískra hermanna á varnarstöðinni í Keflavík.



## Hönnun

Jökulljós, Grófinni 2,

opið laugardag 13:00 – 17:00.

Ævintýraland kertanna. Gallerí – vinnustofa. Sjá joklajjos.is.

Gallerí Svarta pakkhús,

Hafnargötu 2, opið laugardag og sunnudag 13:00 – 17:00.

Gler, leir, þrjón, fatnaður, skrautmunir, skartgripir o.fl.

Fjóla gullsmíður, Hafnargötu 29, opið laugardag kl.10:00 – 16:00.

Handunnið skart. Sjá skart.is

Gallerí 8, Hafnargötu 21, opið laugardag kl 11:00 – 17:00 og sunnudag 13:00 - 17:00.

Íslensk hönnun, fatnaður, leðurvörur, skart, myndlist, gler o.fl.

Raven Design, Eldey þróunarsetur á Ásbrú Grænásbraut 506,

opið laugardag og sunnudag 13:00-17:00, hugmyndir, hönnun, handverk. Sjá ravendesign.is

## Sandgerði

### Bókasafn Sandgerðis

Opið frá kl. 13:00 - 16:00 laugardaginn 15. mars.

Sýning á smáhluta safngripum í einkaeign, fingurbjargir í eigu Bylgju Baldursdóttur. Þær skipta hundruðum og tengjast hinum ýmsu stöðum á Íslandi og erlendis. Þá verða landabréfabækur og landakort til að glugga í og skoða í tengslum við fingurbjargirnar.

### Listatorg

Opið er alla dag vikunnar frá kl. 13-17.

Í sýningarsal Listatorgi er Samsýning Myndlistafélags Kópavogs.

Í Gallerí Listatorgs er ævintýraheimur af fallegu handverki og myndlist.

### Þekkingarsetur Suðurnesja


Sýningar Þekkingarseturs Suðurnesja

verða opnar frá kl. 13-17 laugardag og sunnudag.

Á efri hæð Þekkingarsetursins er að finna náttúrugripasýningu með yfir 70 uppstoppuðum dýrum. Þar má einnig sjá ýmis lifandi sjávardýr og jafnvel koma við þau. Gaman er að flétta fjöru- eða tjarnaferð saman við heimsókn á náttúrusýninguna. Þá er smádýrum safnað í fjörunni og þau svo skoðuð í viðsjá á sýningunni. Heilmikinn fróðleik er að finna í bókakosti Þekkingarsetursins sem staðsettur er á Náttúrusýningunni.

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurnesjum í samvinnu við Sandgerðisbæ og fleiri aðila stendur fyrir sýningunni „Heimskautin heilla“ í Þekkingarsetri Suðurnesja.

Sýningin er um franska heimskautafarann Jean-Baptiste Charcot, einn merkasta landkönnuð síðustu aldar. en hann fórst með skipi sínu Pourquoi-pas? og áhöfn við Mýrar 1936. Sýningin er í tveimur nýjum sölum þar sem líkt er eftir brú og káetu í skipi frá tíma heimskautafarans.



## Vogar

### Stóru- Vogaskóli

Laugardagur kl. 13:00 - 15:00

Lestrarfélagið Baldur.

Bókasafnið í Stóru-Vogaskóla.

Kl. 13:30

Hrafnhildur Valgarðsdóttir

les upp úr bók sinni Söngur Súlu.

Kl. 14:00

Jón Kalman Stefánsson les upp úr bók sinni Fiskarnir hafa enga fætur.

Kl. 14:30

Strengjasveit starfsfólks

Stóru-Vogaskóla leikur á Ukulele.

Boðið upp á kaffi og kleinur.

Allir velkomnir.

## Álfagerði

Laugardagur kl. 15:00

Kristborg Þórsdóttir, fornleifafræðingur, kynnir í máli og myndum

Áfangaskýrslu II um fornleifaskráningu Fornleifastofnunar Íslands í sveitarfélaginu Vogum.

Þessi áfangi nær yfir Hlöðunes-, Ásláksstaða- og Vatnsleysuhverfin, frá fjöru til fjalla.

Starf Minja- og sögufélags Vatnsleysustrandar kynnt í máli og myndum.

Haukur Aðalsteinsson segir frá rannsóknnum sínum á sögu jarða í Sveitarfélaginu Vogar, alveg frá elstu heimildum; hvernig stærð þeirra var ákvörðuð og áhrif sem mikil sjávarflóð á 18. öld höfðu.

Þorvaldur Örn skýrir frá verkefninu Sagan lifnar á vefnum, sem styrkt er af Menningarráði Suðurnesja og gefur sýnishorn af gömlum kvikmyndum sem settar verða á vefinn.

Boðið upp á kaffi og kleinur.

Allir velkomnir.



## Norðurkotsskóli

Húsið var byggt 1903. Börnum úr Kálfatjarnarhverfi var kennt þar í áratug.

Þá var húsið selt og þjónaði sem íbúðarhús nokkra áratugi. Minjafélag Vatnsleysustrandar eignaðist það að hruni komið, flutti á nýjan grunn að Kálfatjörn og endurbýggði í upphaflegum stíl. Þar verður sett upp skólasafn, enda er barnaskólinn í Sveitarfélaginu Vogum sá þriðji elsti í landinu.

VERIÐ VELKOMIN  
Á SAFNAHELGI Á SUÐURNESJUM  
DAGANA 15. - 16. MARS

